

**Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 22. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-17/2013:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 11. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á vatnskassa, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

**II**

**Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 13. febrúar sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 1. mars. Með bréfi, dags. 4. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 8. mars. Með bréfi, dags. 15. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og fékk til þess frest til 30. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 15. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að í desember 2012 lét álitsbeiðandi gera við bifreið sína á verkstæði. Við viðgerð á bifreiðinni kom í ljós að vatnskassi hennar lak. Þótti álitsbeiðanda þetta einkennilegt þar sem um ári fyrr hefði hann keypt vatnskassann nýjan af seljanda. Setti álitsbeiðandi sig í samband við seljanda sem sagðist taka ábyrgð á vatnskassanum en ekki vinnunni við að taka hann úr. Lýsti seljandi því yfir að honum væri þar af leiðandi sama hvort vatnskassinn yrði tekinn úr bifreiðinni á því verkstæði sem hún var á þegar lekinn kom í ljós, eða hvort komið yrði með bifreiðina á starfsstöð seljanda, þar sem hann gæti sjálfur fjarlæggt vatnskassann.

Álitsbeiðandi lét því í kjölfarið verkstæðið sem var með bifreiðina undir höndum fjarlægja vatnskassann úr henni og koma honum til seljanda. Tók seljandi við vatnskassanum, gerði á honum prófanir og kom í ljós að vatnskassinn var gallaður. Útvegaði seljandi í kjölfarið nýjan vatnskassa og reyndist hann í lagi. Segist álitsbeiðandi hafa farið fram á það við seljanda að hann veitti sér upplýsingar um hvers vegna vatnskassinn lak. Hafi seljandi veitt þær upplýsingar að vatnskassinn hafi verið gallaður að innan og því hafi verið ákveðið að útvega nýjan vatnskassa og óska eftir upplýsingum frá framleiðanda um ástæður gallans.

Segir álitsbeiðandi að þar sem gallinn á vatnskassanum hafi valdið honum tjóni, þ.e. vegna kostnaðar við að taka vatnskassann úr bifreiðinni og setja nýjan í, auk þess að missa afnot af bifreiðinni í tvo daga, hafi hann sent seljanda ábyrgðarbréf, dags. 15. janúar sl., og skorað á seljanda að greiða sér beint tjón sem af gallanum varð, þ.e. kr. 32.701. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi ekki svarað þessu bréfi og því hafi álitsbeiðandi leitað til kærunefndarinnar.

Sem fyrr segir telur álitsbeiðandi umræddan vatnskassa hafa verið haldinn galla í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá fullyrðingu styður hann með tölvupósti frá seljanda, dags. 17. desember 2012, þar sem útlistað sé hvað olli leka í vatnskassanum og að ákveðið hafi verið að afhenda álitsbeiðanda nýjan vatnskassa sökum þess. Þá telur álitsbeiðandi, með vísan til 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 30. gr. sömu laga að

seljanda sé skylt að bæta sér tjón sitt með því að afhenda sér nýjan vatnskassa og með því að bæta annað afleitt tjón sem af gallanum hlaut.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda og seljanda ásamt reikningi vegna vinnu við að taka úr og setja í vatnskassa í bifreið álitsbeiðanda, dags. 16. janúar sl., að fjárhæð kr. 32.701.

#### IV

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi seldi álitsbeiðanda vatnskassa hinn 1. desember 2011, en að seljandi hafi ekki sett vatnskassann í bifreið álitsbeiðanda. Hinn 14. desember 2012 hafi álitsbeiðandi síðan sett sig í samband við seljanda vegna þessa sama vatnskassa. Hafi álitsbeiðandi verið tjáð að seljandi tæki ekki ábyrgð á vinnu við að setja nýjan vatnskassa í bifreið hans, heldur takmarkaðist ábyrgðin við nýjan vatnskassa og aðeins ef vatnskassinn reyndist gallaður. Úr hafi orðið að seljandi lét álitsbeiðanda í té nýjan vatnskassa honum að kostnaðarlausu.

Seljandi rekur næst að hann dragi það verulega í efa að vatnskassinn hafi verið haldinn galla og að ekkert sé því til fyrirstöðu að setja vatnskassann aftur í bifreið álitsbeiðanda. Þá bendir seljandi á að bifreið álitsbeiðanda hafi verið í viðgerð vegna ýmissa annarra atriða, t.d. vatnsdælu, en verið geti að vatnsdælan hafi valdið þrýsting sem síðan hafi spennt vatnskassann út. Verður því ekki annað ráðið af andsvörum seljanda en að hann hafni kröfum álitsbeiðanda.

#### V

##### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda er m.a. rakið að skv. tölvupóstum sem bárust frá seljanda til álitsbeiðanda verði varla dregin önnur ályktun en sú að seljandi telji umræddan vatnskassa haldinn galla. Þá mótmælir álitsbeiðandi þeirri fullyrðingu seljanda að vatnskassinn sé í góðu lagi. Ekki sé vit í að halda slíku fram þegar ljóst sé að skipta þurfti um sama vatnskassa þar sem hann lak. Þá bendir álitsbeiðandi á að ekkert hafi amað að vatnsdælu þeirri sem seljandi tiltaki sem mögulega ástæðu þess að vatnskassinn lak. Telur álitsbeiðandi getgátur seljanda um annað séu haldlausar.

#### VI

##### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og rakið er hér að framan fjallar ágreiningur aðila um vatnskassa í bifreið sem álitsbeiðandi keypti af seljanda 1. desember 2011 fyrir kr. 41.850. Greinir aðila á um hvort vatnskassinn hafi verið gallaður. Um ári síðar, eða í desember 2012 hafi síðan við viðgerð á bifreið álitsbeiðanda komið í ljós að vatnskassinn virkaði ekki sem skyldi. Óskaði álitsbeiðandi eftir því í kjölfarið við seljanda að hann léti sér í té nýjan vatnskassa, sér að kostnaðarlausu. Í tölvubréfi seljanda til álitsbeiðanda, dags. 17. desember, er þessari beiðni álitsbeiðanda svarað en í tölvubréfinu segir orðrétt; „við tókum ábyrgð á vatnskassanum ef hann er gallaður en ekki vinnunni“. Eftir að seljandi hafði fengið vatnskassann afhentan og orðið við beiðni álitsbeiðanda um að afhenda honum nýjan vatnskassa án endurgjalds, vildi

álitsbeiðandi fá frekari upplýsingar um það hvort vatnskassinn hefði verið haldinn galla. Þeirri spurningu svaraði seljandi með tölvubréfi dags. 19. desember, en þar segir m.a.: „Klemmurnar voru að spennast af að ofanverðu hjá eftir stúnum sem á ekki að gerast nema við (kannski) mikinn hita en við opnuðum hann og okkur fannst skríttinn frágangur á pakkingunni í kassanum og í staðinn fyrir að herða hann bara aftur saman sem er alveg í lagi að gera fannst okkur betra að láta þig hafa alveg nýjan kassa. Það var í sjálfum (sic) sér ekkert að hinum nema klemmurnar voru að spennast af á smá parti en að því að við höfum aldrei séð svona frágang inn í kassanum og ætlum að spyrjast fyrir hjá framleiðandanum afhverju þetta er svona eins og það var.“

Í andsvörum seljanda er rakið að hann telji vatnskassann í góðu lagi og að ný afhending vatnskassa til álitsbeiðanda hafi verið umfram skyldu hans.

Kærunefndin vill taka fram að almennt við prófanir á kælikerfum bifreiða, þ.m.t. vatnskössum, er notuð pumpa til að setja þrýsting á kerfið. Svipar pumpunni til reiðhjólápumpa. Við þrýstinginn kemur í ljós hvort kerfið leki. Að mati kærunefndarinnar er enginn vafi á því að umræddur vatnskassi hafi lekið og með vísan til þeirra gagna sem lögð eru fram, sérstaklega áðurraktra tölvupóstsamskipta, telur kærunefndin ljóst að vatnskassinn hafi verið haldinn galla í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. og 15. gr. sömu laga og að sá galli hafi verið til staðar við kaupin á vatnskassanum hinn 1. desember 2011. Þá telur kærunefndin afar ólíklegt að ástand vatnskassans verði rakið til aðstæðna er varða álitsbeiðanda sjálfan.

Eins og áður er rakið kemur fram í svari seljanda til álitsbeiðanda í tölvupósti, dags. 15. desember 2012, að seljandi taki aðeins ábyrgð á vatnskassanum sjálfum, sé hann gallaður, en ekki vinnu við að skipta kassanum út. Að þessu tilefni vill kærunefndi hnykkja á því að skv. 3. gr. laga nr. 48/2003 eru löggin ófrávíkjanleg og er því óheimilt að bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðara en leiða mundi af lögnum. Er því svo farið að reynist söluhlutur gallaður, líkt og hér um ræðir, getur neytandi borið fyrir sig viss vanefndarúrræði gagnvart seljanda. Getur sú staða því komið upp að skylda seljanda er ekki að öllu uppfyllt aðeins með því að afhenda nýjan söluhlut, enda getur atvikum verið háttað svo að söluhluturinn í sjálfu sér er aðeins lítill hluti þess kostnaðar sem af gallanum leiðir. Er seljanda óheimilt skv. áðurnefndu lagaákvæði að takmarka ábyrgð sína á gölluðum söluhlut með þeim hætti að það leiði til lakari niðurstöðu fyrir neytanda, en leiða myndi af lögum nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um úrræði neytanda vegna galla. Þar segir m.a.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi greiði honum skaðabætur skv. ákvæðum 33. gr. laganna. Skiptist bótakrafan í þrennt. Í fyrsta lagi krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði sér kr. 32.701 vegna vinnu þriðja aðila við að fjarlægja gallaðan og setja í nýjan vatnskassa. Er sú krafa studd reikningi frá þriðja aðila, dags. 16. janúar 2013. Önnur krafa álitsbeiðanda snýr að afnotamissi bifreiðar í tvo daga. Þriðja krafa álitsbeiðanda lýtur að vinnutapi við að halda uppi kröfu gegn seljanda, samtals 2,5 klst.

Kærunefndin telur rétt að seljandi greiði álitsbeiðanda kr. 32.701 skv. fyrsta lið skaðabótakröfu álitsbeiðanda. Hvað varðar annan lið kröfunnar, um afnotamissi af bifreið, er

krafa s  engum gögnum studd, auk þess sem ekki verður annað ráðið af gögnum máls en að bifreið áljtsbeiðanda hafi verið til yfirgripsmiklar viðgerðar á þeim tíma sem um ræðir, og ekki eingöngu vegna þess galla sem á vatnskassanum var. Verður því að hafna þessum lið kröfunnar. Hvað þriðja liðinn varðar, sem er bótakrafa vegna þess tíma sem áljtsbeiðandi eyddi í að halda uppi kröfum sínum gegn seljanda, þykir kæruneftndinni rétt að taka sérstaklega fram að forðæmi eru fyrir því að tjónþoli fái bættan lögmannskostnað eða kostnað af svipuðu tagi, s.s. við matsgerðir, en ekki kaup til handa sjálfum sér við gerð bótakröfu. Verður því að hafna þessum lið kröfunnar.

## VII

### Áljtsorð

Seljandi, Y, greiði áljtsbeiðanda, X, kr. 32.701.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir